



Grunnskólinn í Borgarnesi

INNRA MAT

Veturinn 2016 -2017

Efnisyfirlit

Forsendur innra mats	2
Lagalegur grunnur	2
Tilgangur	2
Framkvæmd.....	2
Matskerfin	2
Gæðagreinir.....	3
Stytttri kannanir.....	3
Um skólann.....	3
Áætlun um innra mat	4
Gæðagreinir haustið 2016.....	5
Gæðagreinir 5.7.....	5
Gæðagreinir 5.8.....	6
Úrbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreinum 5.7. og 5.8.....	7
Gæðagreinir á miðönn 2016.....	10
Gæðagreinir 8.1.....	10
Gæðagreinir 8.3.....	11
Úrbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreinum 8.1 og 8.3.....	13
Gæðagreinir á vorönn 2017.....	15
Gæðagreinir 9.1.....	15
Gæðagreinir 9.2.....	16
Úrbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreinum 9.1 og 9.2.....	17
Samantekt	19
Skólapúlsinn.....	20
Samantekt	21
Stytttri kannanir.....	21
Lokaorð.....	22

Forsendur innra mats

Lagalegur grunnur

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 er í VIII kafla, 35. og 36. gr. kveðið á um að hver skóli skuli meta árangur og gæði skólstarfsins. Það skal gert með kerfisbundnum hætti og þeir sem komi að matinu séu starfsmenn skóla, foreldrar og nemendur. Þetta er svokallað innra mat, þ.e. þeir sem starfa í skólanum og að skólstarfinu séu að leggja mat á sitt starf, kennsluna, námið og almennt þá þjónustu sem veitt er í skólanum. Tilgangurinn með þessu er að finna það sem vel er gert, finna það sem þarf að laga og auka þannig enn frekar gæði starfsins og tryggja að nemendur fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á lögum samkvæmt. Niðurstöður úr innra mati á að birta opinberlega. Skv. 37. gr. sömu laga bera sveitarfélög ábyrgð á að innra mat sé framkvæmt og útbótum sé fylgt eftir.

Tilgangur

Innra mat er lagt fyrir í þeim tilgangi að finna það sem vel er gert í skólstarfinu, finna það sem gera má betur og hvort sú þjónusta sem skólinn veitir er í samræmi við skólanámskrá, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla. Niðurstöður úr innra mati á að nýta vel til að gera starfið enn betra. Á grundvelli niðurstaðna skal gerð tímasett úrbótaáætlun. Mikilvægt er að hún sé raunhæf og henni sé fylgt markvisst eftir. Skýrslu um innra mat skal skila til sveitarfélagsins, strax að skóla loknum að vori.

Framkvæmd

Árlega er skipað í grunnskólanum í sjálfsmatsteymi. Veturinn 2016 – 2017 voru í því teymi Hulda Hrönn Sigurðardóttir (deildarstjóri sérkennslu), Margrét Skúladóttir (umsjónarkennari) og Páll Leó Jónsson (sérgreinakennari á unglíngastigi). Hlutverk sjálfsmatsteymis er að leggja fyrir þá Gæðagreina sem eru í skráðir í matsáætlun í starfsáætlun skólans. Jafnframt að koma með hugmyndir að könnunum á gæðum þátta er varða samstarf heimilis og skóla. Matsteyminu ber að fylgjast með að eineltiskönnun sé gerð og að Skólapúlsinn sé lagður fyrir í samræmi við fyrirliggjandi áætlun í starfsáætlun skólans.

Matsteymið lagði matskerfið Gæðagreinir fyrir og fundaði eftir þörfum. Tveir gæðagreinar eru lagðir fyrir í einu og því eru þetta í raun þrjár úttekið; á haustönn, miðönn og vorönn. Gæðagreinar var ýmist lagður fyrir á kennara – eða starfsmannafundi, í takt við þá þætti sem verið var að kanna hverju sinni. Að auki lögðu sálfræðingar skólans fyrir eineltis- og kvíðakönnun í þremur árgöngum. Niðurstöður úr þeim könnunum sem sálfræðingar lögðu fyrir eru ekki tilgreindar hér, en hafa verið kynntar umsjónarkennurum, foreldrum þeirra árganga sem við á, skólastjórnendum og nemendum í þeim árgöngum sem við á.

Matskerfin

Í starfsáætlun skólans er birt þriggja ára áætlun um innra mat

http://grunnborg.is/Files/Skra_0073229.pdf Þar er tilgreint að á árunum 2016 – 2020 skuli

matskerfið Gæðagreinar vera lagt fyrir starfsfólk grunnskólans. Skólapúlsinn skuli vera lagður fyrir nemendum, foreldra og starfsmenn skólaárin 2016 – 2019. Eineltiskönnun er gerð á hverjum vetri.

Niðurstöður úr henni eru birtar í innramatsskýrslu, sem og niðurstöður samræmdra prófa. Að auki

niðurstöður úr smærri könnunum sem ýmist eru lagðar fyrir foreldra, nemendur eða starfsfólk. Einnig innan bekkja eða ákveðinna valgreina.

Gæðagreinir

Gæðagreinir er sjálfsmatskerfi sem heitir á frummálinu „How good is our school?“. Þetta er skoskt kerfi sem var innleitt í grunnskólum í Skagafirði og hefur verið notað þar undanfarin ár. Gæðagreinir var fyrst þýddur og innleiddur árið 1999 en árið 2010 var Gæðageinir 2 tekinn upp. Árskóli á Sauðárkróki er leiðandi í þessu starfi og á heimasíðu skólans má nálgast frekari upplýsingar um matskerfið, uppbyggingu, úrvinnslu og efnispætti.

Innramatsteymið lagði fyrir Gæðagreinir 5.7, 5.8, 8.1, 8.3, 9.1 og 9.2 tvo í einu, á um það bil þriggja mánaða fresti.

Stytttri kannanir

Lögð var fyrir rafræn könnun um innkaup á skólavörum fyrir nemendur á yngsta stigi.

Um skólann

Skólaárið 2016 – 2017 voru um það bil 290 nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi, í 1. – 10. bekk. Umsjónarkennarar voru níu og heildarfjöldi starfsmannahópsins 64. Einkunnarorð skólans eru sjálfstæði, ábyrgð, virðing, samhugur. Á yngsta stigi eru 1. – 4. bekkur, á miðstigi 5. – 7. bekkur og á unglíngastigi 8. – 10. bekkur. Töluverð samvinna er innan stiga og einnig eru verkefni þvert á alla árganga. Teymiskennsla er í 4 árgöngum. Tómskundaskólinn er staðsettur á yngsta stigi. Hann er starfræktur af UMSB en er samstarfsverkefni skólans og UMSB. Skólahúsnæðið er ágætt, en þó er það komið til ára sinna og þarfnast viðgerðar. Fyrirhuguð er stækkun og viðgerð á árunum 2016 – 2018. Skólalóðin er ágæt og fótboltavöllurinn lagður gervigrasi og því nothæfur allt árið. Íþróttaaðstaðan í íþróttamiðstöðinni er ágæt. Heitur matur í hádeginu er framreiddur á Hótel Borgarnesi auk þess sem nemendur geta snætt nesti í skólanum og sjoppa er fyrir nemendur í 7. – 10. bekk. Starfrækt af nemendafélagi skólans. Starfsáætlun skólans er aðgengileg á heimasíðu, slóðin er: <http://grunnborg.is/wp-content/uploads/2016/09/Starfs%C3%A1%C3%A6tlunGrunnsk%C3%B3lans-%C3%AD-Borgarnesi-2016-2017.pdf>, sem og skólastefnan.

Áætlun um innra mat

Taflan hér sýnir áætlun um fyrirlögn kannana og lykilþátta Gæðagreinis 2 fram til ársins 2020, Skólapúlsins og hvenær eineltiskönnun skuli lögð fyrir.

	Sjálfsmatsáætlun 2015-2019			
	2016 – 2017	2017- 2018	2018 – 2019	2019 - 2020
Hauströnn	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun	Eineltiskönnun
	Ggr. 5.7 Samstarf við nemendur og foreldra. 5.8. Umhyggja, velferð og þroski nemenda.	Ggr. 1.1 Framfarir í skólastarfi. 1.2 Samræmi skólastarfsins við lögbundnar skyldur	Ggr.2.1 Námsreynsla nemenda. 2.2 Árangur skólans í að efla foreldra, forráðamenn og fjölskyldur til þátttöku í skólastarfi	G.gr. 5.5 Væntingar og leiðir sem stuðla að árangri. 5.8 Umhyggja, velferð og þroski nemenda.
Miðönn	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Foreldrakönnun	Skólapúls – foreldrar	Skólapúls - foreldrar	Skólapúls - foreldrar
	Ggr. 8.1 Samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn. 8.3 Stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis.	Ggr. 3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans. 7.3 Starfsþróun og starfsmat/starfsmanna-viðtöl.	Ggr. 6.1 Endurskoðun skólastefnu og þróunarvinna. 6.2 Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð. 6.3 Þróunaráætlanir.	G.gr.5.6 Jafnrétti og sanngirni. 5.9 sjálfsmat sem undirstaða umbótastafs.
Vorönn	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.	Skólapúls - nem.
	Starfsmannakönnun	Skólapúls - starfsm.	Skólapúls - starfsm.	Skólapúls - starfsm.
	Ggr. 9.1 Sýn, gildi og markmið. 9.2 Forysta og framtíðaráform.	Ggr. 4.1 Árangur skólans í samstarfi og tengslum við nærsamfélagið. 4.2 Árangur samstarfs og tengsla skólans við samfélagið í heild.	Ggr. 5.6 Jafnrétti og sanngirni. 9.3 Efling starfsmanna og samvinnu.	Ggr. 9.3 efling starfsmanna og samvinnu. 9.4 Forysta um framfarir og breytingar.

Skólaárið 2016 – 2017 var áherslan á samstarf við nemendur, foreldra, samfélagið og fræðsluvið, umhyggju, þroska og velferð nemenda, búnað og námsumhverfi, markmið og framtíðaráform.

Gæðagreinir 5.7 og 5.8 voru lagðir fyrir á haustönn. Þar er áherslan á samstarf við nemendur og foreldra, umhyggju, velferð og þroska nemenda. Gæðagreinar 8.1. og 8.3 voru lagðir fyrir á miðönn. Þar er áherslan á samstarf við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofu og sveitarstjórn, stjórnun og notkun búnaðar og námsumhverfis. Gæðagreinar 9.1 og 9.2 voru lagðir fyrir á vorönn. Þar er áherslan á sýn, gildi og markmið, forystu og framtíðaráform.

Gæðagreinir haustið 2016

Gæðagreinar 5.7. og 5.8 voru lagðir fyrir á kennarafundi fimmtudaginn 12. nóvember. Starfsfólk valdi sig sjálft í tveggja til fimm manna hópa. Gæðagreinir 5.1. var lagður fyrir fjóra hópa og Gæðagreinir 5.2. var lagður fyrir fjóra hópa. Samtals 34 starfsmenn.

Þessir tveir Gæðagreinar eru til að meta menntun og þess vegna var valið að leggja þá fyrir á kennarafundi en ekki starfsmannafundi.

Gæðagreinir 5.7

Gæðagreinir 5.7. er til að meta samstarf við nemendur og foreldra. Þeir þættir sem litið er til eru:

- Aðferðir samskipta (heimsóknir, rafræn samskipti, samvinna o.þ.h)
- Samskiptaleiðir (póstur, símtöl, heimasíða o.þ.h)
- Þjónusta
- Upplýsingagjöf (opinberar tölur, lykilþættir, skýrslur, árlegt mat o.þ.h)
- Ánægja með samstarf

Í einkunnagjöf Gæðagreinis er lægt hægt að gefa 1 en hæst 6. Í Gæðagreini 5.7 gáfu kennarar eftirfarandi einkunnir:

- Aðferðir samskipta, fékk einkunnina 4,9.
- Samskiptaleiðir, fékk einkunnina 4,3.
- Þjónusta, fékk einkunnina 5,3.
- Upplýsingagjöf, fékk einkunnina 5,3.

Að auki benti einn hópur á mikilvægi þess að skólinn verði sýnilegri í samfélaginu. Gaf núverandi sýnileika einkunnina 2.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 5.7 er eftirfarandi:

Sterku hliðarnar okkar

- Regluleg foreldrasamskipti.
- Upplýsingaflæði til foreldra í nokkuð góðu lagi.
- Erum jákvæð fyrir samstarfi við foreldra.
- Foreldrar eru velkomnir í skólann og geta haft áhrif á skólastarfið.

Veiku hliðarnar okkar

Innan sviga eru skráðir þeir aðilar sem gætu stuðlað að útbótum varðandi það sem sett er fram sem veikur þáttur.

- Skoða hvað er forgangsverkefni hjá okkur – hvernig komum við því á framfæri við foreldra. (kennarar, stjórnendur)
- Foreldrar eru ekki að standa sig í að lesa það sem sent er frá skólanum. Metnaður foreldra mætti vera talsvert meiri fyrir menntun barnanna. (foreldrar)
- Boðleiðir fyrir kvartanir foreldra eru ekki skýrar. (stjórnendur, sviðsstjóri fjölskyldusviðs)

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Gott samstarf heimilis og skóla er mikilvægt í skólastarfinu.

Tillögur um aðgerðir:

- „Kvörtunarhappur“ á heimasíðu skólans.
- Skylda foreldra að koma inn í skólann og kenna eða kynna eitthvað.
- Heimsóknarskylda fyrir foreldra.

Athugasemdir við gæðagreini:

- Óskýrt hvað átt er við í liðum G og N.

Gæðagreini 5.8

Í einkunnagjöf Gæðagreinis er lægt hægt að gefa 1 en hæst 6. Í Gæðagreini 5.8 gáfu kennarar eftirfarandi einkunnir:

- Velferð, fékk einkunnina 4,1.
- Barnavernd og trúnaður fékk einkunnina 4,2.
- Skólabragur og hvatning, fékk einkunnina 3,8.
- Flutningur nemenda milli skólastiga, fékk einkunnina 4.
- Stuðningur, fékk einkunnina 3,7.
- Starfskynning og framtíðaráætlanir, fékk einkunnina 2,7

Annað sem er tilgreint sem mikilvægt varðandi gæði:

- Bæta aðbúnað og mötuneyti.
- Bæta sálfræðiþjónustu.

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 5.8 er eftirfarandi:

Sterku hliðarnar okkar

- Starfsmenn hafa almennt hagsmuni nemenda að leiðarljósi og bera umhyggju fyrir þeim.
- Starfsfólk gerir sitt besta með velferð nemenda í huga.
- Jákvæðni og framsýni.

Veiku hliðarnar okkar

Innan sviga eru skráðir þeir aðilar sem gætu stuðlað að útbótum varðandi það sem sett er fram sem veikur þáttur.

- Þurfum að virkja betur foreldra, t.d. var slök mæting á haustfundi. (kennarar, stjórnendur, foreldrar)
- Allir starfsmenn þurfa að huga betur að trausti og trúnaði. (allir starfsmenn skólans)
- Skýrari leiðir að markmiðum/verkferla. (stjórnendur)
- Tæknimál og mötuneyti. (sveitarstjórn, sviðsstjóri fjölskyldusviðs)

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Tillögur um aðgerðir:

Athugasemdir við gæðagreini:

- Gerð athugasemd við liði G og O. Óskýrt hvað við er átt.

Ábendingar:

- Uppfæra þarf skólanámskrá á heimasíðu skólans. Á samskrá er nýrri útgáfa.
- Kennsluáætlanir eru ekki tilbúnar.
- Við erum of hefðbundin.
- Vantar uppbrot, skapandi starf.
- Vantar að nemendur geti yfirfarið verkefni sér í hag.

Úrbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreinum 5.7. og 5.8

Hér er tilgreint hvernig hægt er að bregðast við, hvers það er að stýra þeirri vinnu, settur viðmiðunar tímarammi og hvernig meta skuli hvort árangur hefur náðst.

Markmiðssetning og útbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreini 5.7

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvenær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Koma forgangsverkefnum skýrar á framfæri við foreldra.	Kennarar og stjórnendur	Sífelld í endurskoðun ?	Skýrari forgangsriðun á því hvað er sent til foreldra.	
Betri leið til upplýsingaflæðis til foreldra.	Stjórnendur og kennarar	Sífelld í endurskoðun.	Endurtaka könnun á upplýsingaflæði sem gerð var sl. vetur.	Niðurstöður úr könnun á hverjum vetri ætti að gefa vísbindingu.
Boðleið fyrir foreldra til að koma kvörtunum á framfæri.	Stjórnendur og umsjónarmaður heimasíðu	Mars 2017	Athugasemda – og ábendingarhnapp á heimasíðu skólans.	Fylgjast með virkninni. Gera rafræna könnun 1x á vetri.
Auka áhuga foreldra á námi barna sinna.	Stjórnendur, kennarar, samfélagið.	Sífelld í endurskoðun.	Betri upplýsingar? Breytingar á viðhorfi samfélags ?	Skoðanakönnun ? Meiri rafræna kynningu ? Snapp ? Meiri tengingu við atvinnulífið ? Meiri jákvæða umfjöllun út á við ?

Varðandi upplýsingaflæði til foreldra: Lagt er til að hugstormun um málið verði á starfsmannafundi. Tilkynnt verði fyrst með tölvupósti að þetta verði á dagskrá svo fólk fái tíma til að hugs málið og myndað sér skoðun. Á upplýsingasíðu (eða á upplýsingatöflu) mætti safna lista yfir það sem venjulega er sent heim í hverjum mánuði. Þessum atriðum sjái svo hópurinn um að forgangsraða og koma með tillögur að heppilegri aðferð til að koma ákveðnum forgangsatríðum á framfæri við foreldra, sem og öðrum atriðum. Gott væri að gera úttekt meðal foreldra á því hvað þeir telja mikilvægast að fá upplýsingar um. Endurtaka þá úttekt ári síðar og þá einnig hvort upplýsingaleiðir við að koma atriðum á framfæri virka.

Varðandi boðleið fyrir foreldra til að koma athugasemdum og/eða kvörtunum á framfæri: Lagt er til að settur verði hnappur á heimasíðu skólans þar sem foreldrar geta komið málum á framfæri. Stjórnendur og umsjónarmaður heimasíðu gætu fundið heppilega hönnunarlausn í sameiningu. Velta

má því fyrir sér hvort um nafnlausar athugasemdir ætti að vera að ræða (boðið væri upp á val) og þá hvort tilgreina ætti hvort viðkomandi væri foreldri barns í skólanum og þá á hvaða stigi.

Varðandi að auka áhuga foreldra á námi barna sinna: Þá þarf að stuðla að breytingu á viðhorfi nærsamfélagsins. Það mætti halda hugstormunarfund með börnum og foreldrum og finna þannig áhugaverðar leiðir til að auka áhuga foreldra á námi barna sinna. Fá að heyra frá foreldrum hvað það er sem þeir vilja gjarnan taka þátt í, hvað það er sem þeir eiga erfitt með að taka þátt í o.s.frv. Hugsanlegt að virkja fleiri aðila í samfélaginu sem ekki eiga börn í grunnskóla, til að aðstoða við viðhorfsbreytingu samfélagsins. Auka jákvæðni í garð náms grunnskólabarna og sveigjanleika atvinnulífs til að foreldrar geti tekið þátt í viðburðum sem tengjast skólastarfi barnanna sinna.

Markmiðssetning og útbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreini 5.8

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvenær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Bæta aðbúnað og mötuneyti.	Sveitarstjórn	1 ágúst 2018	Framkvæmdir	Gæðagreininir
Aukinn stuðningur við nemendur.	Deildarstjóri sérkennslu, stjórnendur, fræðslustjóri.	Sífelld í endurskoðun.	Betra skipulag. Aukið fjármagn	Úttekt fyrir og eftir.
Starfskynning. Framtíðaráætlanir.	Stjórnendur, kennarar, námsráðgjafi, fræðslustjóri.	3ja ára áætlun. Endurskoðuð árlega.	Betra skipulag, hugmyndaauðgi, aukið fjármagn í námsráðgjöf.	Úttekt fyrir og eftir.
Skólabragur og hvatning.	Stjórnendur, kennarar, nemendur	Sífelld í endurskoðun	Frumkvæði, samábyrgð, jákvæðni, góð samskipti.	Gæðagreininir.

Varðandi að bæta aðbúnað og mötuneyti þá er fyrirhuguð viðbygging við skólann. Áætlað er að framkvæmdir hefjist sumarið 2017 og byggingin verði tekin í notkun skólaárið 2018 – 2019. Fjölnota salur og eldhús og betri aðstaða fyrir list- og verkgreinakennslu eru stór hluti framkvæmdanna. Keyptar hafa verið fleiri tölvur og spjaldtölvur, sem ýmist er búið að taka í notkun, eða verið að vinna að því að koma búnaðinum fyrir. En auðvitað má alltaf gera betur.

Varðandi aukinn stuðningur við nemendur þá er það mál í sífelldri endurskoðun. Reynt er að koma til móts við þarfir nemenda eins og hægt er með sérkennslu, stuðningsfulltrúum og óhefðbundnum úrræðum t.d. í tengslum við vinnumarkaðinn. Aukið fjármagn þarf til að hægt sé að gera þetta enn markvissara, t.a.m. að leiðbeinandi geti farið með nemanda í úrræði á vinnumarkaði. Markvissari

sérkennsla á öllum stigum, markvissari stuðningur við þá sem sinna sérkennslu og betri yfirsýn deildarstjóra sérkennslu yfir það starf sem í gangi er, er það sem þarf til að nýting verði enn betri.

Varðandi starfskynningu og framtíðaráætlanir þá er mikilvægt að setja áætlun til þriggja ára til að hægt sé að setja ákveðnar vörður og stefna að því að ná þeim. Í þessari áætlun væri til dæmis starf námsráðgjafa varaðandi starfskynningu, iðn-verknám á vinnustað, vinnustaða- og skólakynningar nemenda og heimsóknir starfsstétta í skólann til kynningar (t.d. foreldrar fengnir til að kynna sitt starf). Skólinn þarf að hafa skýra framtíðarsýn í þessu eins og öðru er skólastarfið varðar. Það er mikilvægt að setja skýra stefnu, en búta hana niður í ákveðnar vörður til að hægt sé að sjá að þokast sé í rétt átt að þeim markmiðum sem stefnt skal að.

Varðandi skólabrag og hvatningu þá er mikilvægt að settar séu fáar er skýrar umgengnisreglur sem allir sameinast um að fara eftir. Til að mynda stundvísi, kurteisi og almenn háttvísi. Starfið okkar, innrammað af uppbyggingarstefnunni, ætti að einkenna skólabrag. Þátttaka nærsamfélagsins ætti að hafa jákvæð áhrif á skólabrag. Mikilvægt er að allir starfsmenn skólans vinni eftir þeirri stefnu sem ríkjandi er í skólanum. Það eykur öryggi nemenda að vita að eins er tekið á málum alls staðar. Hluti af skólabrag er að hvetja nemendur og starfsfólk til árangurs í námi og starfi, skapa gott starfsuumhverfi þar sem öllum líður vel og þeir njóta þess að taka þátt í leik og starfi.

Til að hægt sé að fylgja úrbótaáætlun eftir, er best að innleiða tímasett úttektarferli varðandi þá þætti er betur mega fara. Byrjað verði strax haustið 2016 og úttektir gerðar með jöfnu millibili á hverjum vetri. Séu innleiddar nýjungar, sbr. teymiskennslu veturinn 2016 – 2017 þá skuli fara fram úttekt í lok vetrar á því hvernig til hefur tekist. Mat á framhaldi innleiðingar og beitingu aðferðar skuli vera metið tvisvar á öðrum vetri (skólaárið 2017 – 2018) og einu sinni á skólaárinu 2018 – 2019 ef fyrri úttektir gefa til kynna að innleiðing hafi tekist og aðferðin sé að virka eins og lagt var upp með.

Ávallt skuli leitast við að halda námskeið innan skólans eða utan fyrir nýtt starfsfólk varðandi þær aðferðir eða hugmyndafræði sem samræmdar eru við kennslu og skólabrag. Námskeiðin gætu að hluta til eða öllu leyti verið jafningjafræðsla innan skólans.

Gæðagreinir á miðönn 2016

Gæðagreinir 8.1. og 8.3 voru lagðir fyrir á starfsmannafundi 6. febrúar 2017. Starfsfólk skipti sér sjálfst í þriggja til fimm manna hópa. Gæðagreinir 8.1. var lagður fyrir 3 hópa og Gæðagreinir 8.3. var lagður fyrir 3 hópa.

Þessir tveir Gæðagreinir eru til að meta mannauð og þess vegna var valið að leggja þá fyrir á starfsmannafundi.

Gæðagreinir 8.1

Gæðagreinir 8.1. er til að meta samstarfið við samfélagið, skólastofnanir, skólaskrifstofur og sveitastjórn:

Í einkunnagjöf Gæðagreinis er lægt hægt að gefa 1 en hæst 6. Í Gæðagreini 8.1 gáfu kennarar eftirfarandi einkunnir:

- Stuðningur við nemendur, fékk einkunnina 3,0
- Tengsl við aðrar menntastofnanir, samfélag, sérfræði þjónustu og atvinnurekendur, fékk einkunnina 4,3
- Samskipti, mat, áætlanir, skráninga og skýrslugerð, fékk einkunnina 3,5

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 8.1 er eftirfarandi:

Sterku hliðarnar okkar

- Tengsl við samfélagið t.d. iðnverkefnið og gleðileikar.
- Sterkt sérfræði teymi og eru öll að viljagerð að gera okkar besta og veita sem besta þjónustu.
- Mannauður og jákvæður starfsandi.

Veiku hliðarnar okkar

Innan sviga eru skráðir þeir aðilar sem gætu stuðlað að útbótum varðandi það sem sett er fram sem veikur þáttur.

- Verk okkar ekki nógu sýnileg (Allir starfsmenn skólans)
- Sambands og úrræðaleysi í sambandi við alvarlegri vandamál (allir starfsmenn skólans)
- Vantar skýrari verk ferla (stjórnendur)

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Mannauður, samstarf
- Traust ríki milli aðila
- Aukin þjónusta og upplýsingar.

Tillögur um aðgerðir:

- ekkert tilgreint

Athugasemdir við gæðagreini:

- ekkert tilgreint

Ábendingar:

- ekkert tilgreint

Gæðagreinir 8.3

Gæðagreinir 8.3. er til að kanna stjórnun, notkun búnaðar og námsumhverfi. Þeir þættir sem litið er til eru:

- húsnæði, aðbúnaður og aðgengi
- upplýsingar um nemandur og aðgegngi að þeim
- tölvu og tæknibúnaður og aðgangur nemenda að þeim
- Öryggi og ástand byggingar skólans

Í einkunnagjöf Gæðagreinis er lægt hægt að gefa 1 en hæst 6. Í Gæðagreini 8.3 gáfu kennarar eftirfarandi einkunnir:

- Húsnæði, aðbúnaður og öryggi, fékk einkunnina 2,2.
- Sýnileiki vinnu nemanda, fékk einkunnina 3.
- Skipulag og notkun tölvu og tæknibúnaðar, fékk einkunnina 2,2.
- Notkun nemanda á búnaði og gögnum við kennslu, fékk einkunnina 3,2.
- Byggingar skólans eru öruggar og heilbrigðis-og öryggisreglur í heiðri hafðar, fékk einkunnina 1,3.
- Úrbætur til að tryggja öryggi nemanda, fékk einkunnina 3,0.

Einkunn Gæðagreini 8.3 er því: 2,3

Sterku hliðarnar okkar

- Aðgengi fatlaðra og notkun nemanda á tækjum og búnaði skólans.
- Stærð skólastofa góð miðað við nemendafjölda
- Notkun nærumhverfis við kennslu

Veiku hliðarnar okkar

Innan sviga eru skráðir þeir aðilar sem gætu stuðlað að útbótum varðandi það sem sett er fram sem veikir þáttur.

- Tölvu og tæknimál ekki í lagi. (sveitarstjórn)
- Skóla húsnæði túlega heilsuspillsandi. (sveitastjórn)
- Skólalóðin óljós mörk hennar og erfið svæði í gæslu. (sveitarstjórn, skólastjórnendur)
- Öryggi barna á leið á hótelið ábótavant. (skólastjórnendur, sviðsstjóri fjölskyldusviðs)

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

Tillögur um aðgerðir:

Athugasemdir við gæðagreini:

Ábendingar:

Úrbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreinum 8.1 og 8.3

Hér er tilgreint hvernig hægt er að bregðast við, hvers það er að stýra þeirri vinnu, settur viðmiðunar tímarammi og hvernig meta skuli hvort árangur hefur náðst.

Markmiðssetning og útbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreini 8.1

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvenær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Auka stuðning við nemendur	Kennarar, deildarstjóri sérkennslu	Í sífelltri endurskoðun	Betra skipulag, fleiri stuðningstíma	Með umsögn á annaskilum, sérkennsluskýrsla og árangur nem.
Tengsl við nærsamfélagið og skólaþjónustu.	Kennarar, stjórnendur.	Í sífelltri endurskoðun	Frumkvæði, jákvæðni og skipulag.	Fara yfir málin í byrjun og lok vetrar.
Samskipti.	Allir starfsmenn skólans.	Alltaf í virkni.	Jákvæðni, frumkvæði.	Með rafrænum könnunum.
Mat, áætlanir, skráningar, skýrslur.	Kennarar, stjórnendur.	Á haustönn, vorönn og í lok vetrar.	Skipulag, öguð vinnubrögð.	Símat. Skýrslur skoðaðar að vori.

Varðandi aukinn stuðning við nemendur þá er lagt til að skipulagi verði breytt. Stuðningstímar séu festir við ákveðna bekki/nemendur en séu ekki fljótandi eins og var með námsversyfyrirkomulaginu. Skipulagið fari í raun frá því að nemendur megi velja að vinna í námsveri, eins og var að stærstum hluta til undanfarna vetur, í það að umsjónarkennari og sérkennari fái úthlutað tímum pr. umsjónarbekk/nemanda, hugmynd að stundaskrá og tillögu um nemendur sem fá/þurfa stuðning. Umsjónarkennari og sérkennari setji upp töflu, með aðstoð deildarstjóra sérkennslu eins og þarf. Áherslan verði á hóptíma, eins og verið hefur, en einnig að stuðningur verði í tímabilum (t.d. 6 vikur) og því næst hvíld í nokkrar vikur áður en stuðningur hefst aftur. Þó alltaf sú grunnregla að horft sé út frá þörfum hvers nemanda við skipulagninguna.

Varðandi tengsl við nærsamfélagið og skólaþjónustu þá er mikilvægt að kennarar og stjórnendur hugi að því við skipulagningu verkefna hvort hægt er að virkja nærsamfélagið. Tengsl heimilis og skóla eru ein mikilvægasta stoðin í námi barna og tengsl nærsamfélagsins eru ein mikilvægasta stoðin við skólastarf. Það hafa verið í gangi ákveðin verkefni þar sem nærsamfélagið hefur mikilvægu hlutverki að gegna. Þar má nefna Gleðileikana og lðn – verknám á vinnustað. Samstarfi við skólann hefur alls staðar verið vel tekið í skólasamfélaginu. Nýlega var nefnt óformlega við eldri borgararáð hvort koma mætti á samvinnu. Því var vel tekið og verkefnið bíður frekari útfærslu í haust.

Samvinna við skólaþjónustuna er í þokkalegu lagi, þó auðvitað megi alltaf bæta skipulagið til að nýta enn betur þá tíma sem skólinn fær úthlutað. Það hefur verið lestrarnámi og – kennslu til hagsbóta að sérkennsluráðgjafi skuli hafa sína skrifstofu í skólanum.

Varðandi samskipti þá er mikilvægt að allir þeir sem koma að skólasterfi vandi sig í samskiptum. Hvort sem um er að samskipti á vinnustað eða rafræn. Kurteisi, jákvæðni og nærgætni ætti að einkenna öll samskipti. Mikilvægt er að stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn gangi á undan með góðu fordæmi. Verði einhver vör við slæm samskipti þyrfti að vera sú regla að koma því til skila til að hægt sé að bregðast við og leysa vandann.

Varðandi mat, áætlanir, skráningar og skýrslur þá er mikilvægt að það ríki öguð vinnubrögð. Skráð sé og metið jafnóðum til að hafa sem besta yfirsýn. Skýrslum þarf að fylgja tímasett aðgerðaáætlun, það eykur líkurnar á betri nýtingu og skilvirkni í vinnubrögðum.

Markmiðssetning og útbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreini 8.3

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvenær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Betra húsnæði, betri aðbúnaður, auka öryggi.	Sveitarstjórn, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, skólastjórnendur.	Árið 2021.	Nýja byggingu, viðhald á eldra húsnæði.	Úttekt á aðstöðunni.
Auka sýnileika vinnu nemenda	Kennarar	Sífelld í endurskoðun.	Frumkvæði, að hugsa út fyrir kassann.	Verður sýnilegur.
Betra skipulag og notkun tölvu- og tækjabúnaðar	Kennarar, stjórnendur.	Sífelld í endurskoðun	Betra skipulag varðandi endurnýjun, betra viðhald tæknibúnaðar. Markvissari tölvuumsjón.	Gæðagreininir.
Betri þjálfun nemenda í notkun á búnaði og gögnum.	Kennarar.	Sífelld í endurskoðun.	Markvissari þjálfun. Betra aðgengi að tæknibúnaði.	Gæðagreininir.

Varðandi betra húsnæði, betri aðbúnað og aukið öryggi þá er unnið að því að hefja byggja við skólann. Í framhaldi af viðbyggingunni verður farið í gagngerar endurbætur og tilfærslu innanhúss.

Áætlað er að verkinu ljúki á 3 – 4 árum, þannig að gera má ráð fyrir að árið 2021 verði öll nýja aðstaðan kominn í notkun. Aðbúnaður verður betri, varðandi húsbúnað, birtu, salerni o.þ.h., en einnig að fari verður í endurnýjun til að uppræta rakavandamál. Endurbætur auka öryggi nemenda og starfsfólks, leiðir yngri barna innan húsnæðis styttest, meira verður um teymiskennslu (tveir kennarar með sama hóp) o.fl.

Varðandi að auka sýnileika vinnu nemenda þá gildir þar að kennarar sýni frumkvæði og hugsni út fyrir kassann. Verk nemenda geta verið sýnilegri innan skólans, en einnig utanhúss. Í tengslum við 150 ára afmælið voru nemendaverk sýnd á a.m.k. þremur stöðum. Það mæltist vel fyrir.

Varðandi betra skipulag og notkun tölvu- og tækjabúnaðar þá er komin áætlun varðandi endurnýjun á tölvubúnaði næstu þrjú árin. Henni þarf að fylgja eftir. Tölvuumsjónarmaður þarf að vera meira við í skólanum. Það þarf að vera markvissari tölvu-/tækjakennsla fyrir nemendur.

Varðandi betri þjálfun nemenda í notkun á búnaði og gögnum þá þarf aðgengi að búnaði og gögnum að vera gott. Kennarar þurfa að hafa markvissa áætlun um að kennslu nemenda á tæki og búnað.

Gæðagreinar á vorönn 2017

Gæðagreinar 9.1 og 9.2 voru lagðir fyrir á starfsmannafundi 4. maí. Starfsfólk skipti sér sjálf í 3ja til 5 manna hópa. Hvor gæðagreinar var lagður fyrir þrjú hópa.

Þessir tveir gæðagreinar eru til að meta annars vegar sýn, gildi og markmið og hins vegar forystu og framtíðaráform.

Gæðagreinar 9.1.

Gæðagreinar 9.1 er til að meta sýn, gildi og markmið.

Í einkunnagjöf Gæðagreinis er lægt hægt að gefa 1 en hæst 6. Í Gæðagreini 9.1 gaf starfsfólk eftirfarandi einkunnir:

- Samstarf og sameiginleg sýn heimila og skóla fékk einkunnina 2,5
- Sýn skólans og gildi við athafnir og viðburði, fékk einkunnina 4,0
- Jafnréttindi, margbreytileiki og jöfnuður fyrir alla , fékk einkunnina 5,0

Einkunn gæðagreinis 9.1 er 3,9

Þeir sem meta eru beðnir um að skrá það sem þeir telja vera sterkar og veikar hliðar skólastarfsins. Það sem skráð var varðandi Gæðagreini 9.1 er eftirfarandi:

Sterku hliðarnar okkar

- Við aðhyllumst jöfnuð og skóla fyrir alla og fögnum margbreytileika.
- Við höfum sýn skólans í huga við athafnir okkar og viðburði .
- Mannauður

Veiku hliðarnar okkar

Innan sviga eru skráðir þeir aðilar sem gætu stuðlað að útbótum varðandi það sem sett er fram sem veikur þáttur.

- Sameiginleg sýn þyrftir að vera meiri (stjórnendur, kennarar)
- Stýring ekki næganleg (stjórnendur)
- Spurt erErum við með þróunaráætlun?

Tillögur um aðgerðir:

- ekkert tilgreint

Athugasemdir við gæðagreini:

- gæðagreinin þykir óskýrt orðaður.

Ábendingar:

- ekkert tilgreint

Gæðagreininir 9.2

Gæðagreininir 9.2 er til að meta forystu og framtíðaráform.

Í einkunnagjöf Gæðagreinis er lægt hægt að gefa 1 en hæst 6. Í Gæðagreini 9.2 gáfu kennarar eftirfarandi einkunnir:

- Framfarir og árangur nemenda, fékk einkunnina 3,5 .
- Tengsl þróunaráætlana við námið , fékk einkunnina 2,25.
- Markmið og ákvarðana aka, fékk einkunnina 2,0.
- Stjórnun, sýnleiki og forusta, fékk einkunnina 1,25 .
- Menning sem stuðlar að öryggi starfsfólks, fékk einkunnina 2,25 .

Einkunn í Gæðagreini 9.2 er 2,25.

Sterku hliðarnar okkar

- Metnaður fyrir árangri nemanda.
- Vilji til góðra verka og mannauður.
- Þróunarvinnu og sérkennslu vel sinnt

Veiku hliðarnar okkar

Innan sviga eru skráðir þeir aðilar sem gætu stuðlað að útbótum varðandi það sem sett er fram sem veikur þáttur.

- Sýnleiki stjórnenda. (stjórnendur)
- Göngum ekki í takt. Sameiginlega sýn og skýrari markmið vantar. (stjórnendur)
- Stuðning, hvatningu og hrós frá stjórnendum. (stjórnendur)
- Efla tæknimennt og nýsköpun. (stjórnendur, kennarar).

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Líðan og árangur nemenda og starfsfólks.
- Gegnsæi og samráð.
- Skýr stefna og markmið.
- Nýsköpun og fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Tillögur um aðgerðir:

Athugasemdir við gæðagreini:

Ábendingar:

Úrbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreinum 9.1 og 9.2

Hér er tilgreint hvernig hægt er að bregðast við, hvers það er að stýra þeirri vinnu, settur viðmiðunar tímarammi og hvernig meta skuli hvort árangur hefur náðst.

Markmiðssetning og útbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreini 9.1

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvenær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Aukið samstarf og betri sameiginleg sýn heimilis og skóla.	Kennarar, stjórnendur.	Í sífelldri endurskoðun.	Frumkvæði, skipulag, að hugsa út fyrir kassann.	Gæðagreinir.
Skýrari sýn og gildi við athafnir og viðburði.	Stjórnendur	Í sífelldri endurskoðun.	Betra skipulag, fastmótaðan ramma.	Gæðagreinir.
Aukið jafnrétti og margbreytileiki.	Kennarar og stjórnendur.	Í sífelldri endurskoðun.	Vera meðvitaður um fjölbreytileikann og réttindi.	Gæðagreinir.

Varðandi aukið samstarf og betri sameiginlega sýn heimilis og skóla þá er upplýsingagjöf milli aðila mjög mikilvæg. Mikilvægt er að foreldrar komið að skólastarfinu við ýmiss tækifæri og finni að þeir hafi aðgang að því starfi sem fram fer í skólanum. Starfsmenn skóla og foreldrar þurfa að taka sameiginlega á málum og gagnkvæm virðing og traust er lykilatriði.

Varðandi skýrari sýn og gildi við athafnir og viðburði þá er mikilvægt að hafa gott skipulag. Stjórnendur gætu sett fram skipulag varðandi ákveðnar vörður á föstum viðburðum. Þeim ramma yrði fylgt, en hafður sveigjanleiki eins og þarf. Það auðveldar aðkomu allra að því að skipuleggja viðburð eða athöfn ef til er traustur grunnur að skipulagi.

Varðandi aukið jafnrétti og margbreytileika þá er mikilvægt að nemendur og kennarar fái fræðslu um jafnrétti og margbreytileika. Jafnréttisfulltrúi sveitarfélagsins gæti til dæmis verið með kynningu. Hægt er að stuðla að kynningum frá ýmsum hópum. Allir þurfa að tileinka sér að jafnrétti og margbreytileiki er til góðs.

Markmiðssetning og útbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreini 9.2

Hvað þarf að gera ?	Hver á að gera það ?	Hvenær á því að vera lokið ?	Hvað þarf til ?	Hvernig á að meta árangurinn ?
Efla framfarir og áhuga nemenda.	Stjórnendur og kennarar.	Í sífelldri endurskoðun.	Skipulag, frumkvæði og jákvæðni og gleði.	Gæðagreininir.
Auka tengsl þróunaráætlana við námið.	Stjórnendur.	Vorið 2018.	Skipulag, skýran ramma til viðmiðunar.	Gæðagreininir.
Skýrari markmið og ákvarðanataka.	Stjórnendur.	Í sífelldri endurskoðun.	Skipulag, skýran ramma til viðmiðunar.	Gæðagreininir.
Markvissari stjórnun, meiri sýnileiki, öflugri forysta.	Stjórnendur.	Í sífelldri endurskoðun.	Skipulag, skýran ramma til viðmiðunar.	Gæðagreininir.
Efla menningu sem stuðlar að öryggi starfsfólks.	Stjórnendur.	Í sífelldri endurskoðun.	Skipulag, góðan starfsanda, gott húsnæði, að markvisst sé tekið á erfiðum málum.	Gæðagreininir.

Samantekt

Samantekt úr niðurstöðum Gæðagreina 5.7 og 5.8 sýnir að ánægja er með góð samskipti við foreldra. Kennarar vilja almennt aukið samstarf við foreldra. Foreldrar eru velkomnir í skólann hvenær sem er og geta haft áhrif á skólastarfið. Foreldrar hafa meðal annars komið með áhugaverð verkefni í skólann í vetur og tekið virkan þátt í vettvangsferðum. En veiku hliðarnar í starfinu eru að það eru ekki allir foreldrar virkir, illa gengur að koma upplýsingum á framfæri við foreldra, þó ýmsar leiðir séu í boði og mæting á haustfundina er slök. Það er ekki skýr leið fyrir foreldra til að koma athugasemdum/kvörtunum á framfæri. Metnaður foreldra fyrir námi barna sinna er mismikill. Metnað þyrfti að auka. Starfsmenn skólans hafa hagsmuni nemenda að leiðarljósi og bera umhyggju fyrir þeim, en þurfa að gæta betur að trausti og trúnaði. Það ríkir jákvæðni og framsýni í skólanum en verkferlar þurfa að vera skýrari, auk þess sem hér vantar mötuneyti og tæknimálin gætu verið í betra standi.

Samantekt úr niðurstöðum Gæðagreina 8.1 og 8.3 sýnir að ánægja er með að mikill mannauður er í starfsmannahópnum og í skólanum er jákvæður starfsandi. Það eru góð tengsl við samfélagið í gengnum ýmiss verkefni, ýmist á vettvangi eða í skólanum. Í stoðþjónustu skólans er sterkt sérfræðiteymi sem veitir góða þjónustu. Aðgengi fatlaðra að skólanum er gott og nemendur eru færir í notkun tækjabúnaðar sem í boði er í skólanum. Nærumhverfið nýtist vel til kennslu og stærð skólastofa er góð miðað við nemendafjölda. En jafnframt eru tilgreindar þær veiku hliðar að verk nemenda og kennarar eru ekki nógu sýnileg. Það ríkir úrræðaleysi varðandi alvarleg vandamál sem upp koma og það vantar skýrari verkferla. Tölvu- og tæknimál eru ekki í nægilega góðu lagi og skólahúsnæðið er hugsanlega heilsuspillandi og þarfnast lagfæringar. Afmörkun skólalóðar þyrfti að vera skýrari, auk þess sem hún deilis í nokkur svæði og það torveldar gæslu í frímínútum. Öryggi barna á leið á hótelið í hádegisverð er ábótavant, því það þarf að fara yfir umferðargötu.

Samantekt úr niðurstöðum Gæðagreina 9.1 og 9.2 sýnir að ánægja er með jafnréttið og margbreytileikann sem ríkir í skólanum. Sýn skólans er skýr og starfsmenn hafa hana í huga við þau verkefni sem unnið er að. Í starfsmannahópnum er mikill mannauður. Í skólanum ríki metnaður fyrir árangri nemenda, auk þess sem þróunarvinnu og sérkennslu er vel sinnt. Hins vegar eru hér þær veiku hliðar að það skortir sterkari sameiginlega sýn, stýring er ekki nægjanleg og þróunaráætlanir óljósar. Sýnileiki stjórnenda er ekki nægilegur, það vantar meiri stuðning, hvatningu og hrós, auk þess sem starfsmenn taka ekki eins á málum. Það þarf að efla tæknimennt og nýsköpun.

Á grundvelli niðurstaðna úr hverjum gæðagreini vinnur innramats teymið tillögur að úrbótum og setur markmið um hvenær þeim ætti að vera lokið. Á þeim grunni er sett fram úrbótaáætlun fyrir skólann, sett fram í litlum einingum (sjá töflur) til að auðveldara sé að haka við þá þætti sem verið er að vinna að og þá þætti sem er lokið. Mikilvægt er að áætlun sé tímasett og sé fylgt eftir. Ef aukinn tíma þarf til að ljúka ákveðnum endurbótum, þá þarf að skrá það og setja nýjan tímaramma.

Gæðagreinir gefur ákveðnar vísbendingar um hvað gengur vel í skólastarfinu og hvað betur má fara. Mikilvægt er að rýna vel í niðurstöður en hafa þó í huga að Gæðagreinir er ekki gallalaus, rétt er að hafa það í huga.

Skólapúlsinn

Skólapúlsinn Skólapúlsinn, sem er vefkannakerfi er nú lagt fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn www.skolapulsinn.is. Á vef Skólapúlsins er að finna upplýsingar um aðferðafræði kerfisins.

Skólapúlsinn er lagður fyrir úrtak nemenda, foreldra og starfsmenn í skólum um allt land.

Í Grunnskólanum í Borgarnesi voru lagðar fyrir þrjár nemendakannanir veturinn 2016-2017.

Skólapúlsinn er lagður fyrir tilviljanakennt úrtak nemenda í 6. – 10. bekk. Fyrsta könnunin á þessu skólaári var lögð fyrir í lok september 2016 og var svarhlutfallið 87,2%. Könnun númer tvö var lögð fyrir í janúar 2017, þar var svarhlutfall 95,7 % . Könnun númer þrjú var lögð fyrir í maí 2016, svarhlutfall var 91,3 %. Úrtak í fyrri tvö skiptin var 47 nemendur en í því þriðja var úrtakið 46 nemendur. Rétt er að geta þess að um tilviljanakennt úrtak er að ræða og því ekki alltaf sömu nemendur sem eru að svara í hvert skipti.

Skýringin á mun lægra svarhlutfalli í fyrstu könnuninni er meðal annars veikindi nemenda í úrtaki, og leyfi. Þess má einnig geta að í úrtakinu í vetur voru fleiri strákar en í samanburðarhópnum á landsvísi; 56,2 % þátttakenda voru strákar en 43,8 % stelpur.

Það er ekki marktækur munur á hve mörgum spurningum nemendur svara/sleppa í hverjum af þessum þremur spurningaflokkum, en þó sleppa fleiri því að svara spurningum er varða heimanám en öðru sem spurt er um. Þess má geta að sama munstur var í svörum sl. vetur. Nemendur notuðu Ípad spjaldtölvur við að svara könnuninni. Það mæltist vel fyrir.

Spurningarnar í þessari nemendakönnun skiptust í fjóra flokka; þrjá með krossaspurningum og einn með opnum spurningum þar sem nemendur gátu skrifað sitt svar. Flokkarnir eru: Virkni nemenda í skólanum, Líðan og heilsa, Skóla- og bekkjarandi og Opin svör. Flokkarnir skiptast svo í matsþætti. Á bak við hvern matsþátt eru nokkrar spurningar.

Niðurstöður úr könnun í september í svarflokknum „Líðan og heilsa“ komu nemendur þokkaleg út, eru örlítið undir landsmeðaltali í öllu nema varðandi hreyfingu, þar eru þeir töluvert langt yfir landsmeðaltali. Spurningarnar sem eru undir þessum flokki lúta t.d. að; sjálfsáliti, stjórn á eigin lífi, vellíðan, hreyfingu og einelti. Fram kemur að einelti er langt undir landsmeðaltali og hefur ekki mælst svona lágt síðustu árin.

Í svarflokknum „Skóli – og bekkjarandi“ er skólinn undir landsmeðaltali, sem er viðsnúningur frá fyrra ári, þegar þessi liður var yfir landsmeðaltali. Spurningarnar í þessum flokki lúta að; samsömun við nemendahópinn, sambandi nemenda við kennara, aga í tímum, ánægju af lestri, þrautseigju í námi, áhugi á tilteknum námsgreinum, trú á eigin vinnubrögð og námsgetu.

Í lok könnunar eru opnar spurningar. Nemendum er að sjálfsögðu frjálst að sleppa spurningunum eða svara. Spurningarnar eru: a) Vinsamlegast lýstu því hvað þér finnst sérstaklega gott við skólann.“ og b) „Vinsamlegast lýstu því hvað þér þykir slæmt eða megi betur fara í skólanum þínum.“

Almennt eru nemendur duglegir að svara opnum spurningum. Það sem oftast telst jákvætt er að það sé skemmtilegt í skólanum, góðir félagar, ýmiss áhugaverð verkefni og góðir kennarar. Það sem nemendur telja til neikvæðra atriða er til dæmis að það vanti matsal, tölvumálin, það vanti vinnufrið og einelti sé til staðar.

Skólapúlsinn var lagður fyrir starfsmenn á vorönn 2017. Könnunin er í sjö liðum, og hver þeirra skiptist í nokkra matsþætti. Eins og í nemendakönnuninni er boðið upp á opin svör í einum lið, aðrir eru með krossasurningum.

Í fyrsta lið er farið yfir starfsmannaviðtöl, áreiti og einelti. Niðurstöður sýna að mun fleiri starfsmenn hér, en á landsvísu mæta í starfsmannaviðtöl og telja þau gagnleg. Tíðni eineltis er lítil og tíðni áreitnis minni, sé miðað við tölur á landsvísu. Í öðrum lið; „Viðhorf til skólastarfs“ er m.a. til umfjöllunar starfsánægja, stjórnun og starfsumhverfi. Starfsandi mælist lakari en á landsvísu, auk þess sem óánægja er með stjórnun. Í lið þrjú er farið yfir kennarastarfið almennt. Þar kemur fram m.a. að heimavinna nemenda er minni en á landsvísu, námsmat með öðru en prófum en mun meira en á landsvísu og færri sinna undirbúningi fyrir kennslu í skólanum, en tölur á landsvísu segja til um. Í fjórða lið er fjallað um starfsumhverfi. Þar kemur fram m.a. að vinnuaðstæður mælast lakari en á landsvísu, meiri óánægja er hér með faglegan stuðning stjórnenda en mælist á landsvísu, en samvinna um kennslu er meiri hér en á landsvísu. Í fimmta lið er farið yfir mat og endurgjöf. Allir matsþættir í þeim lið koma illa út, samanborið við tölur á landsvísu. Í sjötta lið er fjallað um símenntun. Svörun í þessum lið er mun minni en í öðrum liðum. En fram kemur að færri dagar hér hafa verið í símenntun en tölur á landsvísu sýna, en jafnframt að fleiri hér, en á landsvísu, myndu kjósa meiri símenntun. Í sjöunda lið voru opnar spurningar, spurt um það sem þætti sérlega gott eða slæmt við skólann. Þar má nefna að áberandi er hve margir telja starfsandann góðan og skemmtilegt í vinnunni. En einnig að starfsaðstöðuna þarf að bæta og stjórnun gæti verið betri.

Samantekt

Nemendakönnun skólapúlsins var lögð fyrir nemendur í 6. – 10. bekk, þrisvar í vetur. Svarhlutfall var á bilinu 87 – 96 %. Niðurstöður gefa til kynna að skólinn vikir lítið frá landsmeðaltali í þeim þáttum sem prófaðir eru, en þó er einelti marktækt minna en áður hefur mælst. En tölur hafa dalað hvað varðar marga þætti. Þó það lítið að munur er oftast vart marktækur. Starfsmannakönnun var lögð fyrir á vorönn. Starfsandi mælist lakari en á landsvísu sem og starfsumhverfi og námsmat. En ánægja er með starfsandann og almennt þykir starfsfólki skemmtilegt í vinnunni.

Styttri kannanir

Skólaárið 2016-2017 sá skólinn um að kaupa inn skólavörur fyrir nemendur í 1. til 4. bekk. Skólinn sá um innkaupin en foreldrar greiddu ákveðna upphæð fyrir og er þetta í fyrsta sinn sem þessi háttur er hafður á. Könnun var lögð fyrir foreldra nemenda í 1. – 4. bekk skólaárið 2016-2017 til að athuga hvort almenn ánægja væri með þetta fyrirkomulag og foreldrar vildu halda þessu áfram. Einnig var könnunin send á foreldra tilvonandi nemenda 1. bekk 2017-2018.

Niðurstaða könnunarinnar gefur til kynna að meirihlutinn, 85%, er ánægður með þetta fyrirkomulag og vill halda því áfram. 8,75% er alveg sama og 6,25 % segja nei. 21,25 % fannst kostnaðurinn of mikill

en 78,75 % sögðu hann eðlilegan. Þegar spurt var hvort viðkomandi vildu að skólinn héldi áfram innkaupum á skólavörum sögðu 87,34 % já, 7,59 % var alveg sama og 5,06 % sögðu nei.

Hvað varðar innkaup fyrir 5. – 7. bekk þá voru 71,25 % sammála því að keyptar yrðu skólavörur fyrir þá nemendur, 20 % var alveg sama og 8,75 % sögðu nei. Hvað varðar 8. –10. bekk þá sögðu 55 % já við sömu spurningu, 30 % var alveg sama og 15 % sögðu.

Spurt var hvort foreldrar barna í núverandi 4. bekk vildu að innkaupum yrði haldið áfram í 5. bekk. 78 % svarenda sem spurningin átti við um sögðu já, 12,5 % alveg sama og 9,5 % nei.

Lokaorð

Innra mat er mikilvægt í skólastarfi. Allir starfsmenn skólans eru virkir þátttakendur og geta komið sínum skoðunum á framfæri, rætt þær í vinnuhópi og hópurnir kemst svo að sameiginlegri niðurstöðu. Niðurstöðum þarf að koma til þeirra er geta stuðlað að útbótum, stundum eru það allir starfsmenn skólans, en stundum afmarkaður hópur sem leiðir þá vinnu. Það er mikilvægt að sinna innra mati vel og nýta niðurstöðurnar til að gera gott skólastarf enn betra. Niðurstöður úr Gæðagreininir gefa til kynna að margt sé í góðu lagi í skólanum, en einnig sé úrbóta þörf. Gerð var tímasett úrbótaáætlun varðandi niðurstöður úr Gæðagreini og innramats teymi, ásamt stjórnendum skólans, mun sjá um að fylgja henni eftir. Tímasett úrbótaáætlun og góð eftirfylgni varðandi hvern þátt er lykilþáttur í að úrbætur verði í kjölfar matsvinnu.

Innramatsteymi Grunnskólans í Borgarnesi,

Hulda Hrönn Sigurðardóttir

Margrét Skúladóttir

Páll Leó Jónsson